	Hafnarfjarðarbær
Innk:	28/9 2016
Málsnr:	151192
Bréfæl:	021



Hafnarfjarðarkaupstaður
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri
Ráðhúsinu við Strandgötu
220 Hafnarfjörður

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is


Reykjavík 26. september 2016
Tilv.: IRR16090243/18.11.3

Vísað er til erindis yðar frá 23. þ.m. þar sem óskað er nánari skýringa á ákvæði 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, er hljóðar svo:


Byggðarráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn sveitarfélags, leggur tillögu um fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Áð lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þær, þó ekki síðar en 15. desember. Ráðherra getur að ósk sveitarstjórnar veitt henni lengri tíma til afgreiðslu fjárhagsáætlunar ef brýn nauðsyn krefur.

Nánar tiltekið snýr fyrirspurnin að því hvort túlka beri 1. málslíð umræddrar málsgreinar þannig að „...fundur í bæjarstjórn þar sem tillaga að fjárhagsáætlun er lögð fram skuli vera haldinn eigi síðar en 1. nóvember eða er átt við að bæjarráð skuli vera búið að afgreiða tillögu sína til bæjarstjórnar eigi síðar en þá?“

Að mati ráðuneytisins ber að túlka umrætt ákvæði þannig að nægjanlegt sé að bæjarráð hafi afgreitt frá sér fullbúna tillögu til sveitarstjórnar fyrir 1. nóvember og styðst sú niðurstaða m.a. við ummæli í greinargerð með frumvarpi laganna. Frá 1. nóvember sé því bæjarstjórn ekkert að vanbúnaði að taka tillöguna til umræðu en hún hefur síðan til 15. desember til að ljúka afgreiðslu hennar.


Hermann Sæmundsson

fyrir hönd ráðherra


Olafur Kf. Hjörleifsson